

Mosfellsbær  
Bt. Heiðu Ágústsdóttur

Reykjavík, 13. október 2023  
UST202309-131/I.M.B.  
09.04.00

### Umsókn um leyfi til framkvæmda í Álanesskógi í Mosfellsbæ

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Mosfellsbæjar, dagsett, 13. september 2023, um leyfi til framkvæmda í Álanesskógi innan náttúruvættisins Álafoss í Varmá.

Álafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 461/2013](#). Óheimilt er að spilla jarðmyndunum og gróðri innan náttúruvættisins. Umsjónaraðila, í samráði við Umhverfisstofnun, er heimilt að uppræta framandi tegundir svo sem alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*), skógarkerfil (*Anthriscus sylvestris*) og spánarkerfil (*Myrrhis odorata*).

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúruvættisins eru óheimilar, nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun, sbr. 10. gr. ofangreindrar auglýsingar.

#### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmda í Álanesskógi sem fela í sér lagningu 0,7m brieiðs göngustígs, uppsetningu stytta úr tréi, plöntun og upprætingu framandi tegunda. Við gerð göngustígsins verða teknir um 30-40 cm af jarðvegi með lítilli gröfu og settur grófari sandblönduð mold í staðinn. Settur verður jarðvegsdúkur ofan á og svo trjáskurl. Með stígnum verða útskorin húsdýr, bekkur og lítill kofi. Til að festa dýrin þarf að grafa niður 20-30 cm undirstöður. Kort af framkvæmdunum fylgdi umsókninni. Við upprætingu framandi tegunda verða notuð slátturorf. Þær plöntur sem sótt er um að planta í skóginum eru silfurreynir, gráöflur, hengibjörk, ilmreynir og heggur.

#### Niðurstaða:

Í [aðalskipulagi Mosfellsbæjar](#) 2011-2030 fellur hluti Álanesskógar innan hverfisverndarsvæðis 311-Oú og er þar ekki fjallað um framkvæmdir innan skógarins. [Stjórnunar- og verndaráætlun](#) fyrir náttúruvættið Álafoss tók gildi 7. október 2020 en í henni er ekki fjallað um stefnumótun eða aðgerðir innan Álanesskógar. Þar sem þær áætlanir sem þurfa að liggja til grundvallar leyfisveitingar framkvæmdanna, þ.e. skipulagsáætlun og stjórnunar- og verndaráætlun, eru ekki fyrir hendi skortir Umhverfisstofnun heimild til að veita leyfi fyrir þeim framkvæmdum sem sótt er um leyfi fyrir.

Þar sem stjórnunar- og verndaáætlun fyrir náttúruvættið Álafoss fjallar ekki sérstaklega um skógræktarreitinn getur Mosfellsbær óskað eftir því við Umhverfisstofnun að endurskoða áætlunina eða unnið viðbætur að teknu tilliti til ofangreinds og unnið deiliskipulag fyrir svæðið.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
*sviðsstjóri*

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
*sérfræðingur*